# FJARNÁM

UPPLÝSINGATÆKNI MENNTASVIÐ KÓPAVOGS

Gerið börnunum **LJÓST** að fjarnám er ekki síður mikilvægt en hefðbundið nám.

Fáið **LYKIL- OG AÐGANGSORÐ** nemenda og þar með aðgang að fjarnámsumhverfinu. Skoðið námið, verkefnaskil og umsagnir minnst vikulega. Mikilvægt er að nemendur skilji að um er að ræða ábyrgan námsstuðning en ekki vantraust.

Verið í góðri og reglulegri **SAMVINNU** við þá starfsmenn skólans sem þið hafið verið í samstarfi við hingað til s.s. umsjónarkennara, sérkennara, náms- og starfsráðgjafa o.fl. fagfólk sem geta stutt nemendur við námið.

**FORELDRAR BERA ÁBYRGÐ** á námi barna sinna og þeim ber að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra.

**TAKMARKIÐ TÍMANN** sem börnin fá að sitja við tölvu. Ef tíminn er ekki nægur til að leysa verkefnin þá er gott að ræða málin og finna sameiginlega lausn.

**KYNNIÐ YKKUR FORRITIN** sem notuð eru í fjarnáminu þannig að þið skiljið betur hvað börnin eru að gera.

Hugið að börnin fái næga **HREYFINGU**, nægan **SVEFN** og gott **MATARRÆÐI**. Of lítill svefn sem dæmi getur valdið vanlíðan, þreytu og streitu sem hefur áhrif á einbeitingu, minni og rökhugsun.

Mikilvægt er að hjálpa börnunum að setja upp **SKRÁR OG MÖPPUR** til að halda utan um verkefni í tölvum sem og að hjálpa þeim að vista gögn á viðeigandi staði.

**HJÁLPIÐ NEMENDUM** að skipuleggja námið og styðjið þá daglega við að halda námsáætlun. Gott er að fara yfir verkefnin og veita aðstoða þegar þörf er á. Félagsleg samskipti í námi eru mikilvæg.

Gerið börnunum grein fyrir þeim **VÆNTINGUM** sem eru gerðar til þeirra. Gætið að því að þær væntingar séu raunhæfar.

Útbúið gott **NÁMSRÝMI**. Það þýðir að börnin hafi góða vinnuaðstöðu sem og aðgengi að viðeigandi tækni.

Verið viðbúin því að **TÆKNILEG VANDAMÁL** kunna að koma upp. Reynið að leysa þau eins fljótt og kostur er.